



Reykjavík, 17. nóvember 2017

IE17110002

HS/KV

Endurskoðunarnefnd
b.t. formanns, Ólafs Kristinssonar
Tjarnargötu 12
101 Reykjavík

Innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar 2018 - 2019

Í starfsreglum Innri endurskoðunar er kveðið á um að áhættugrunduð innri endurskoðunaráætlun skuli lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu.

Í samræmi við IPPF staðal 2010 hefur Innri endurskoðun beitt eigin mati á áhættu að teknu tilliti til innleggs frá stjórnendum og stjórn við gerð verkefnaáætlunar. Tekið var mið af uppbyggingu eftirlitsumhverfis borgarinnar og rætt við borgarfulltrúa og lykilstjórnendur borgarinnar um rekstur hvers sviðs fyrir sig og miðlægrar stjórnsýslu út frá stjórnarháttum, áhættustýringu og eftirliti. Við gerð endurskoðunaráætlunar var haft samráð við endurskoðunarnefnd.

Framsetning innri endurskoðunaráætlunar er með svipuðu sniði og áður en aðferðafræði við gerð áhættumats er nokkuð breytt. Áhætta er metin sem eðlislæg áhætta starfseminnar í formi fjárhagsáhættu og því hversu viðkvæm starfsemin er. Að teknu tilliti til mótvægisaðgerða stjórnenda, þ.e. uppbygging innra eftirlits, er eftirstæð áhætta metin sem liggur síðan til grundvallar forgangsroðun verkefna Innri endurskoðunar. Endurskoðanlegar einingar í A hlutanum eru u.þ.b. 400 talsins og þegar teknar hafa verið saman starfseiningar með sömu starfsemi, s.s. leikskólar, eru endurskoðanlegar einingar rétt um 100. Í ljósi áhættumats Innri endurskoðunar ætti að framkvæma 40-45 úttektir á ári.

Úttektarnefnd borgarstjórnar kom eftirfarandi ábendingu á framfæri við borgarstjórn; „að Innri endurskoðun styrki það hlutverk sitt að gera úttekt hjá einstökum starfseiningum á styrkleika innra eftirlits. Setja ætti skýr markmið um að allar starfseiningar sæti slíkum úttektum á tilteknu árabili.“ Vakin er athygli á því að auðlindir skortir til að bregðast við ábendingu úttektarnefndar þar sem aðeins er mögulegt að framkvæma um 25 úttektir á ári miðað þann fjárhagsramma sem Innri endurskoðun er úthlutað.

Meðfylgjandi er innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og tekur hún til verkefna frá janúar 2018 fram til loka árs 2019.

Virðingarfyllst

Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar



Innri endurskoðunaráætlun 2018-2019

Nóvember 2017



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu birtist áhættumat Innri endurskoðunar og innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar.

Í alþjóðlegum stöðlum og siðareglum um innri endurskoðun (*Stöðlunum*) er innri endurskoðun skilgreind sem:

Starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum.

Skilgreining Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA)

Innri endurskoðun er virðisaukandi fyrir skipulagsheildina og hagsmunaaðila hennar þegar hún tekur tillit til stefnu, markmiða og áhættu, leitast við að stinga upp á leiðum til að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli og þegar hún veitir hlutlæga og viðeigandi staðfestingu.

Staðlarnir kveða á um að yfirmaður innri endurskoðunar skuli koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangsörðun verkefna innri endurskoðunar í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins. Staðlarnir kveða enn fremur á um að verkefnaáætlun innri endurskoðunar skuli gerð á grundvelli skjalfests áhættumats.


Tilgangur skýrslugjafarinnar er að veita endurskoðunarnefnd og stjórnendum innsýn í aðferðafræði Innri endurskoðunar við framkvæmd áhættumats sem liggur til grundvallar verkefnavali og að leggja fram innri endurskoðunaráætlun fyrir árin 2018 og 2019.

Meginreglur faglegrar innri endurskoðunar:

- ☞ Sýnir heildarleika.
- ☞ Sýnir hæfi og fagleg vinnubrögð.
- ☞ Sýnir hlutlægni og er óháð í störfum sínum.
- ☞ Tekur mið af stefnumörkun, markmiðum og þeirri áhættu sem tengist skipulagsheildinni.
- ☞ Staðsetning í skipuriti er við hæfi og auðlindir eru nægilegar.
- ☞ Hefur gæði og stöðugar umbætur að leiðarljósi.
- ☞ Miðlar upplýsingum á skýran hátt.
- ☞ Lætur í té áhættugrundað álit.
- ☞ Sýnir innsæi, frumkvæði og horfir til framtíðar.
- ☞ Hvetur til umbóta hjá skipulagsheildinni.

ÁHÆTTUMAT

Innri endurskoðandi ber ábyrgð á gerð áhættugrundaðrar áætlunar um val og forgangs röðun verkefna Innri endurskoðunar til samræmis við meginmarkmið starfseminnar. Í starfsreglum Innri endurskoðunar er kveðið á um að endurskoðunaráætlun eigi að byggja á mati á áhættuþáttum í starfsemi borgarinnar, stofnunum og fyrirtækjum hennar.



1. Endurskoðunarlegar einingar

Endurskoðunarlegar einingar teljast vera allar starfseiningar, verkferlar, stefnur og annað sem Innri endurskoðun getur framkvæmt úttektir á. Við skilgreiningu á endurskoðunarlegum einingum innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar var leitast við að greina starfsemina niður í einingar / verkefni sem hafa skilgreinda ábyrgðaraðila. Þannig telst t.d. einn grunnskóli vera ein endurskoðanleg eining en Innri endurskoðun hefur við framsetningu á endurskoðunarheimi A hluta Reykjavíkurborgar dregið líkar rekstrareiningar saman í eina endurskoðanlega einingu þó vissulega séu ólík verkefni innan skólans sem telja megi endurskoðunarlegar einingar, eins og rekstur mótuneytis, sérkennsla, bókasafn o.s.frv.

Með þessum hætti hefur endurskoðunarheimur A hluta verið áætlaður ríflega 100 endurskoðanlegar einingar sem Innri endurskoðun framkvæmir reglubundnar úttektir á.

Miðlæg stjórnýsla	Skóla- og frístundasvið	Íþrótt- og tómstundasvið	Umhverfis- og skipulagssvið	Velferðarsvið	Menningar- og ferðamálasvið
Forsætisnefnd, mannréttindaráð, stjórnkerfis- og lýðræðisráð, borgarráð, borgarstjórn	Skóla- og frístundaráð	Íþrótt- og tómstundaráð	Umhverfis- og skipulagsráð	Velferðarráð	Menningar- og ferðamálaráð
Borgarritari	Dagforeldrar	Aðalskrifstofa	Byggingafulltrúi	Barnavernd	Borgarbókasafn
Fjármálaskrifstofa	Frístundaheimili og frístundaklúbbar	Fjölskyldu- og húsdýragarður	Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	Fjárhagsaðstoð	Borgarsögusafn
Afskriftarnefnd	Frístundamiðstöðvar	Hitt húsið	Heilbrigðiseftirlit	Húsaleigubætur - gr. til Félagsbústaða	Höfuðborgarstofa
Áhættumatsteymi	Grunnskólar	Íþróttamannvirki	Heilbrigðisnefnd	Skrifstofa sviðsstjóra	Listasafn Reykjavíkur
Áætlana- og greiningadeild	Leikskólar	Mannauðsþjónusta	Rekstur og umhirða borgarlands	Þjónustan heim (Heimaþjónusta)	Skrifstofa sviðs
Bókhaldsdeild	Listaskólar - fullorðinsfræðsla	Nauthólsvík	Samgöngustjóri og borgarhönnun	Þjónustumiðstöðvar	Styrkir og samstarfs-samningar - framög
Fjárstýringardeild	Námsflokkar Reykjavíkur	Skíðasvæði	Skipulagsfulltrúi	Búsetuúrræði	
Innkaupadeild	Nýbúakennsla	Styrkir	Skrifstofa sviðsstjóra	Félagsmiðstöðvar	
Kjaradeild	Sérkennsla í leikskólum	Sundlaugar	Umhverfissvæði	Heimahjúkrun	
Uppgjörseild	Sjálfstætt starfandi grunnskólar	Útivist og vallamál	Bílastæðasjóður	Nefndir og ráð	
Mannréttindaskrifstofa	Sjálfstætt starfandi leikskólar	Þróun og upplýsingamál		Skrifstofur	
Borgarskjalasafn	Skólahljómsveitir			Stuðningsfj. stuðningsþj. frekari	

Miðlæg stjórnsýsla	Skóla- og frístundasvið	Íþrótt- og tómstundasvið	Umhverfis- og skipulagssvið	Velferðarsvið	Menningar- og ferðamálasvið
Mannauðsdeild	Skrifstofa sviðsstjóra			Dagþjónusta - málefni fatlaðs fólks	
Tölfræði og greining	Fagskrifstofa - grunnskóli			Unglingasmiðjur og stuðningsheimili	
Upplýsinga- og vefdeild	Fagskrifstofa - leikskóli			Önnur úrræði	
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	Fagskrifstofa frístund			Samningar, framlög og styrkir	
Skrifstofa þjónustu og reksturs	Fjármála- og rekstrarþjónusta			Þjónustuíbúðir	
Rafræn þjónustumiðstöð	Mannauðsþjónusta			Framleiðslueldhús	
Skjaladeild	Tölfræði og rannsóknarþjónusta			Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	
Þjónustudeild	Tónlistarskólar			Þróunarverkefni	
Upplýsingatæknideild					
Embætti borgarlögmanns					
Skrifstofa borgarstjórnar					

2. Mat á áhættu

Áhættu má skilgreina sem þá ógnun að einhver atburður eða aðgerð hafi áhrif á getu borgarinnar til þess að ná markmiðum sínum eða framkvæma markaða stefnu. Áhætta af rekstri er metin **eðlislæg** (e. inherent) áhætta og **eftirstæð** (e. residual) áhætta. Eðlislæg áhætta er skilgreind í ljósi áhrifa og líkinda án tillits til mótvægisáðgerða til að draga úr áhættunni. Áhættumat Innri endurskoðunar felst í því að meta eðlislægu áhættuna út frá efnislegu áhættunni sem felst í fjárhag viðkomandi einingar annars vegar og hins vegar út frá því hversu viðkvæm starfsemi er gagnvart þjónustuþegum eða starfsmönnum sem hana veita. Innri endurskoðun leggur síðan mat á líkur á því að atburður gerist út frá mótvægisáðgerðum sem stjórnendur hafa byggt inn í reksturinn og eftir stendur þá eftirstæð áhætta.

3. Mat á eftirliti

Æskilegast er að byggja áhættumatið á mati stjórnenda og starfsmanna hvernar endurskoðunarlegrar einingar en þar sem slíkt liggur ekki fyrir leggur Innri endurskoðun sjálf mat á mótvægisáðgerðir og eftirlit sem viðhaft er í starfseminni. Það er gert með því að fara yfir fyrri úttektir og viðbrögð stjórnenda við ábendingum úr þeim. Einnig eru tekin viðtöl við stjórnendur, starfsmenn og kjörna fulltrúa til að kalla eftir þeirra mati á áhættum innan starfsemi Reykjavíkurborgar. Þessu til viðbótar sinnir Innri endurskoðun vöktunarhlutverki með því að sitja fundi borgarráðs, endurskoðunarnefndar og fylgjast almennt með starfsemi borgarinnar á hverjum tíma.

4. Æskileg tíðni úttekta

Mat á áhættu að teknu tilliti til eftirlitsaðgerða og eftirlitsumhverfis segir til um æskilega tíðni úttekta, þ.e. hversu oft Innri endurskoðun ætti að staðfesta virkni eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttanna. Sem fyrr segir er áhættan metin út frá áhrifum og líkum. Niðurstöður áhættumatsins, sem geta verið á bilinu 5 – 25, eru síðan áhættukóðaðar í 4 flokka með eftirfarandi hætti, sjá töflu. Frádráttur frá eðlislægri áhættu vegna mótvægisáðgerða getur verið á bilinu 0 – 40%.

Eðlislæg áhætta (inherent)	Frádráttur vegna mótvægisáðgerða	Eftirstæð áhætta (residual)	Tíðni endurskoðunar
	0%, 10%, 20%, 30%, 40%	20 – 25	Árlega
	0%, 10%, 20%, 30%, 40%	15 – 19	Tveggja ára fresti
	0%, 10%, 20%, 30%, 40%	10 – 14	3ja – 4ra ára fresti
	0%, 10%, 20%, 30%, 40%	5 – 9	Fimm ára fresti

5. Verkefnaval

Við verkefnaval í innri endurskoðunaráætlun var haft samráð við kjörna fulltrúa og valinn hóp stjórnenda borgarinnar.

Rætt var við eftirfarandi;

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri SFS

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri

Gísli Hlíðberg Guðmundsson, borgarborgari

Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi

Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar

Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður

Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR

Sigurður Björn Blöndal, formaður borgarráðs

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri ÍTR

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri USK

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

Dagur B Eggertsson, borgarstjóri

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi

Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustj. borgarstjóra og borgarritara

Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Huld Ingimarsdóttir, fjármálastjóri MOF

Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri áætlunar greiningardeildar

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri USK

Óskar J Sandholt, skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar


Stefán Eiríksson, borgarritari

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi

Við verkefnavalið var einnig samráð við fulltrúa í endurskoðunarnefnd.

AUÐLINDIR

Fjárhagsrammi Innri endurskoðunar árið 2018 nemur um 105 milljónum, auk 7 milljóna í tekjur vegna verksamninga um innri endurskoðun hjá Félagsbústöðum, Malbikunarstöðinni Höfða, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Faxaflóahöfnum. Heildarútgjöld eru þannig áætluð tæpar 112 milljónir.



Átta starfsmenn vinna hjá Innri endurskoðun í 7,8 stöðugildum. Starfsmenn Innri endurskoðunar eru:


- Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar
- Anna Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri úttekta
- Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, innri endurskoðandi upplýsingakerfa
- Atli Þór Þorvaldsson, sérfræðingur
- Kristína Baldursdóttir, verkefnastjóri
- Kristín Vilhjálmsdóttir, skrifstofustjóri
- Jenný Stefanía Jensdóttir, verkefnastjóri
- Pétur Sævald Hilmarsson, verkefnastjóri

Gert er ráð fyrir að nýting vinnustunda í innri endurskoðunarverkefni geti verið um 60% á móti 40% sem fari í innra gæðastarf, fræðslu, endurmenntun, veikindi og annað. Miðað við mannafla Innri endurskoðunar er þannig ráðgert að árlega sé hægt að setja um 7.200 vinnustundir í innri endurskoðunarverkefni. Þær vinnustundir þurfa að skiptast á milli A og B hluta borgarsjóðs u.þ.b. í hlutföllunum 80/20 þannig að gera má ráð fyrir að árlega fari um 5.800 vinnustundir í verkefni fyrir A hluta borgarinnar, þar af 4.620 í fyrir séð verkefni og 1.180 í ófyrir séð..

Á áætlun Innri endurskoðunar fyrir árin 2018 og 2019 eru samtals 41 fyrir séð verkefni innan A hluta borgarsjóðs og gera má ráð fyrir að ráðist verði í 10 ófyrir séð verkefni á tímabilinu, þ.e. 25 á ári. Miðað er við að meðalvinnustundafjöldi á verkefni sé 225. Skiptingu þeirra eftir viðfangsefnum má sjá á myndinni hér til hliðar.

Miðað við áhættumat Innri endurskoðunar og æskilega tíðni úttekta ætti Innri endurskoðun að gera úttekt á 5 endurskoðanlegum einingum á hverju ári; 47 einingar annað hvert ár, 36 einingar þriðja til fjórða hvert og 18 einingar fimmta hvert ár. Á hverju fimm ára tímabili ætti Innri endurskoðun þannig að framkvæma 205 – 220 úttektir eða 41 – 45 á ári.

Samkvæmt áætlun Innri endurskoðunar er þannig vöntun á auðlindum til að sinna a.m.k. 15 verkefnum á hvoru ári, 2018 og 2019, eða sem nemur rúmlega 3.000 vinnustundum á ári.



ENDURSKOÐUNARÁÆTLUN 2018-2019

Starfseining	Verkefni	Eftirstæð áhætta	Helstu atriði til skoðunar	Lok	Tegund
A hluti					
	Mat á innra eftirliti Reykjavíkurborgar		Leggja mat á viðhorf og athafnir stjórna og stjórnenda varðandi mikilvægi eftirlits innan eininga.	apr.19	Stjórnarhættir
	Eignaskráning		Yfirfara og sannreyna verklagsreglur um eignaskráningu, eignavörslu og eignaskrár. Kannað verður hvernig staðið er að afstemmingu milli eignaskráningarkerfa og fjárhagsbókhalds.	feb.18	Eftirfylgni
	Greining á misferlisáhættu		Lagt mat á líkur á misferli og hvernig tekið er á misferlisáhættu.	apr.18	Áhættustýring
Miðlæg stjórnsýsla					
Borgarritari					
Afskriftarnefnd	Afskriftir krafna - verklag		Kanna hvort verklag samræmist reglum sem Reykjavíkurborg hefur sett sér. Lagt verður mat á fyrirkomulag eftirlits.	mar.18	Verklag og innra eftirlit
Áætlana- og greiningadeild	Fjárhagsáætlunarferli		Farið verði yfir ferli fjárhagsáætlunar A og B hluta og hlítni við reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar.	jún.18	Verklag og innra eftirlit
Bókhaldsdeild	Lotun gjalda og samþykktarferli reikninga		Fyrirkomulag og virkni innra eftirlits.	nóv.18	Eftirfylgni
Bókhaldsdeild	Innkaupakort		Fylgni við reglur um notkun innkaupakorta og fyrirkomulag og virkni innra eftirlits.	jún.18	Eftirfylgni

Starfseining	Verkefni	Eftirstæð áhætta	Helstu atriði til skoðunar	Lok	Tegund
Innkaupadeild	Útboðsmál		Kortleggja útboðsferli og skoða samstarf innkaupadeildar við borgarlögmann og innkaupaaðila fagsviða.	jún.18	Verklag og innra eftirlit
Kjaradeild	Mannauðs- og launakerfi		Að framkvæma árangursmat á innleiðingu mannauðs- og launakerfi	des.18	Áhættustýring
Uppgjörseild	Agresso		Afstemmingar undirkerfa	maí.18	Eftirfylgni
Uppgjörseild	Uppgjörferli		Áhættumatsúttekt og kortlagning á uppgjörferlinu	maí.18	Verklag og innra eftirlit
Mannréttindaskrifstofa	Styrkjaúthlutanir mannréttindaráðs		Fara yfir fylgni við reglur borgarráðs um styrki. Kanna verklag við úthlutun styrkja og bókhaldslega meðferð.	des.18	Verklag og innra eftirlit
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Ferðaheimildir og greiðsla ferðakostnaðar		Könnun á virkni verklagsreglna um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar	des.18	Eftirfylgni
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Samskipti og eftirlit með B hluta fyrirtækjum		Greina eigendastefnur Borgarstjórnar gagnvart byggðasamlögum og bera saman við samþykktar stefnur stjórna. Leggja mat á fyrirkomulag innra eftirlits	mar.19	Stjórnarhættir
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Rafrænar kosningar - Hverfið mitt		Eftirlit með framkvæmd rafrænna kosninga í tengslum við verkefnið Hverfið mitt.	nóv.18 nóv.19	Upplýsingatækni
Borgarskjalasafn	Skjalavistunarkerfi		Að framkvæma árangursmat á innleiðingu nýs skjalavistunarkerfis.	mar.19	Áhættustýring
Mannauðseild	Persónuvernd		Vinnsla persónuupplýsinga starfsmanna	des.18	Verklag og innra eftirlit
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	Umsýsla lóðamála		Eftirfylgni með ábendingum	júl.18	Eftirfylgni
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt		Skoða áhrif og mögulegar breytingar á umboðskeðju. m.t.t. aðgreiningar starfa milli SEA og annarra starfseininga.	júl.18	Eftirfylgni

Starfseining	Verkefni	Eftirstæð áhætta	Helstu atriði til skoðunar	Lok	Tegund
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	Gatnagerðargjöld		Greina umhverfi og framkvæmd innheimtu gatnagerðar-gjalda og sölu byggingarréttar og meta virkni innra eftirlits. Í þessu skoðast ferlið og skráningin bæði á Umhverfis- og skipulagssviði og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.	des.18	Verklag og innra eftirlit
Upplýsingatæknideild	Stjórnun rekstrarsamfellu upplýsingatæknikerfa		Eftirfylgni með ábendingum í skýrslu IE frá 2014 um stjórnun rekstrarsamfellu launakerfis, fjárhagsbókhalds og hjá upplýsingatæknideild.	jan.18	Eftirfylgni
Upplýsingatæknideild	Netöryggi		Yfirferð verklagsreglna um netöryggi. Skoðun og mat á útdeilingu ábyrgðar á stjórnun netöryggis m.a. m.t.t. viðbragða við upplýsingaöryggisatvikum sem upp hafa komið.	feb.18	Upplýsingatækni
Upplýsingatæknideild	Stjórnun upplýsingatæknimála		Heildarúttekt á stöðu og fyrirkomulagi upplýsingatæknimála innan A hluta á grundvelli ISO staðals um upplýsingatækni, öryggisatækni og starfsvenjur á þessu sviði.	jún.18	Eftirfylgni
Upplýsingatæknideild	Ný upplýsingakerfi		Fara yfir verklag við mat á umsóknum um ný kerfi og eftirfylgni með innleiðingu þeirra.	des.19	Áhættustýring

Skóla- og frístundasvið					
--------------------------------	--	--	--	--	--

Grunnskólar	Rekstrarúttekt		Gerð verði samanburðarúttekt á helstu þáttum í rekstri nokkurra grunnskóla	des.18	Verklag og innra eftirlit
Leikskólar	Rekstrarúttekt		Gerð verði samanburðarúttekt á helstu þáttum í rekstri nokkurra leikskóla	des.18	Verklag og innra eftirlit
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	Hlítni við samning		Skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við samning og hvernig eftirliti SFS er háttað.	des.19	Verklag og innra eftirlit
Sjálfstætt starfandi leikskólar	Hlítni við samning		Skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við samning og hvernig eftirliti SFS er háttað.	des.19	Verklag og innra eftirlit

Starfseining	Verkefni	Eftirstæð áhætta	Helstu atriði til skoðunar	Lok	Tegund
Fjármála- og rekstrarþjónusta	Fjárhagsáætlunargerð grunnskóla		Farið verði yfir forsendur reiknilíkans Skóla- og frístundasviðs fyrir útdeilingu fjármagns til grunnskóla.	des.19	Verklag og innra eftirlit
Fjármála- og rekstrarþjónusta	Launavinnsla hjá SFS		Eftirfylgni með ábendingum	okt.18	Eftirfylgni
Íþrótt- og tómstundasvið					
Styrkir	Styrkir til Íþróttafélaga		Skoðun á æfingastyrkjum til Íþróttafélaga. Ábyrgð og skuldbindingar Íþróttafélaga gagnvart Reykjavíkurborg.	jan.18	Verklag og innra eftirlit
Umhverfis- og skipulagssvið					
Byggingafulltrúi	Hlítni við verklagsreglur		Mat á nægjanleika og virkni eftirlitsaðgerða	des.19	Verklag og innra eftirlit
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	Fjárfestingar		Skoðun á innra eftirliti með nýframkvæmdum og viðhaldsframkvæmdum.	okt.19	Verklag og innra eftirlit
Skipulagsfulltrúi	Stjórnsýsluúttekt		Skoðun stjórnskipulags, skilvirkni og áhættugreiningar	sep.18	Stjórnarhættir
Bílastæðasjóður	Skoðun á innra eftirliti og verkferlum á skrifstofu framkvæmdastjóra		Innra eftirlit og verkferlar á skrifstofu Bílastæðasjóðs.	mar.18	Eftirfylgni
Velferðarsvið					
Fjárhagsaðstoð	Hlítni við verklagsreglur		Skoðun á innra eftirliti með greiðslum	jún.19	Verklag og innra eftirlit
Þjónustan heim (Heimaþjónusta)	Stjórnsýsluúttekt		Mat á nægjanleika og virkni eftirlitsaðgerða	des.19	Stjórnarhættir
Þjónustumiðstöðvar	Verndun trúnaðarupplýsinga		Greina hvaða upplýsingar um notendur falla undir persónuverndarsjónarmið og áhættumeta út frá upplýsingaöryggi.	des.19	Verklag og innra eftirlit

Starfseining	Verkefni	Eftirstæð áhætta	Helstu atriði til skoðunar	Lok	Tegund
Menningar- og ferðamálasvið					
Borgarsögusafn	Sameining safna		Skoðun á því hvernig markmið með sameiningusafna og sýningarstaðanna Árbæjarsafns, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Sjóminjasafns, Viðeyjar og Landnámssýningar í sameinaða einingu Borgarsögusafns Reykjavíkur hafa gengið eftir.	des.18	Áhættustýring
Skrifstofa sviðs	Skráning safngripa og innra eftirlit		Eftirfylgni með skýrslu Innri endurskoðunar frá ágúst 2014 um skráningu safngripa og innra eftirlit hjá Menningar- og ferðamálasviði	des.18	Eftirfylgni